

Sp. 62. Tillaga til þingsályktunar [58. mál]
um byggingu sögualdarbæjar.

Flm.: Ingólfur Jónsson, Ágúst Þorvaldsson, Steinþór Gestsson, Björn Fr. Björnsson,
Guðlaugur Gíslason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því, að tekin verði í fjárlög fyrir árið 1974 fjárhæð til greiðslu á $\frac{1}{3}$ hluta af heildarframlagi ríkissjóðs vegna kostnaðar við byggingu sögualdarbæjar í Þjórsárdal.

Greinargerð.

Tillaga þessi er flutt vegna þess, að forsætisráðuneytið gaf út tilkynningu á s. l. sumri um, að það væri horfið frá fyrirhuguðum hugmyndum um byggingu sögualdarbæjar. Þykir rétt og nauðsynlegt að fá úr því skorið, hvort meiri hluti Alþingis vill una úrskurði ríkisstjórnarinnar í þessu máli.

Líklegt er, að ríkisstjórnin sé hlynnt málinu, en hafi ekki treyst sér til að mæla með fjárveitingu, sem væri miðuð við það, að sögualdarbærinn yrði byggður á einu ári og heildarframlög ríkisins sett á fjárlög næsta árs. Flutningsmenn telja ekki nauðsynlegt, að fullnaðarfjárveiting komi á einu ári. Aðalatriði málsins verður að telja, að ákvörðun sé tekin um byggingu bæjarins og að byrjað verði á verkinu í tilefni af 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar.

Framlag ríkissjóðs til byggingarinnar mætti veita á þremur árum. Flutningsmenn vænta þess, að ríkisstjórnin muni vilja styðja málið með þeim hætti, sem gerir framkvæmdina miklu auðveldari. Kostnaðaráætlun um byggingu bæjarins hefur verið endurskoðuð af verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen, dags. 1. október s. l., og er hún hér með birt:

Sögualdarbær í Þjórsárdal

Kostnaðaráætlun

	Áætlun	Endursk.
	1.8. 72	1.10. 73
	þús. kr.	þús. kr.
1. Gröftur og fylling	400	500
2. Steinsteypa (burðarhús)	1 400	1 900
3. Hriplagnir	50	60
4. Vatnslögn frá Skeljastöðum + dæla	150	190
5. Raflögn frá Sámsstöðum	500	650
6. Raflagnir í húsum	100	120
7. Salernishús með búnaði, rotþró, loftræstihús	1 500	2 000
8. Torf- og grjóthleðsla	2 500	3 030
9. Tréverk	1 500	2 100
10. Loftræstikerfi ¹⁾	1 500	1 950
11. Vegur, bílastæði, girðingar	400	500
	<hr/>	<hr/>
	10 000	13 000
Hönnun, sérfræðingar	500	500
Ófyrirséð	1 500	1 500
	<hr/>	<hr/>
	12 000	15 000

Séra Eiríkur Eiríksson þjóðgarðsvörður, formaður þjóðhátíðarnefndar Árnesháttar, skrifaði merka grein um sögualdarbæinn í blaðið Suðurland 15. september s. l. Þar segir m. a.:

„Þjóðhátíðarnefnd sú, sem kosin var af Alþingi árið 1966 til þess að standa fyrir landnámshátið árið 1974, gerði snemma á starfsferli sínum ráð fyrir sérstökum hátiðum í héruðum landsins. En nefndinni var ljóst, að hátiðahöld ein nægðu ekki, þar þyrftu við að tengjast framkvæmdir.

Stjórnarskrá var sett með hátiðinni 1874. Konungshús risu og konungsvegur var gerður í tilefni af konungskomu 1907. Árin kringum 1930 einkenndust af margvíslegum framkvæmdum á Þingvöllum og víðs vegar um land.

¹⁾ Áætlað af verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen.

Landgræðsluhugsjóninni var veittur verulegur stuðningur árið 1944. Og nú verður hringvegurinn nýi tímamótaframkvæmd tengd árinu 1974. Þjóðhátíðarnefnd vinnur nú að ýmsum stórmálum, svo sem þjóðarbókhlöðu og Íslandssögu.

Af öðrum málum þjóðhátíðarnefndar 1974 er að nefna efni þessarar greinar, sögualdarbæinn.

Þjóðhátíðarnefnd 1974 leggur fyrir Alþingi 1966—1967 hugmyndir sínar um þjóðhátíð 1974. Forsætisráðherra, sem þá var Bjarni Benediktsson, gerir úr þessum tillögum þingsályktunartillögu, og eru þar sérstaklega tekin fram þrjú atriði. Eitt þeirra er sögualdarbærinn. Í framsöguræðu sinni á Alþingi 17. apríl 1967 lýsir Bjarni yfir sérstöku fylgi sínu við hugmyndina um sögualdarbæ og segir í því sambandi: „Það er mjög fróðlegt fyrir okkur alla t. d. að koma í Þjórsárdal og sjá þá byggð, sem þar hefur verið grafin upp, og það ætti að vera auðvelt, miðað við þær rústir, sem menn hafa þar, og aðrar upplýsingar, að gera sannsögulega eftirlíkingu, sem yrði til þess að færa alla þessa athurði okkur nær.“

Fjárveitinganefnd sameinaðs þings tók málið til meðferðar, og tekur hún í áliti sínu sérstaklega fram, að hún sé fylgjandi tillögunni um byggingu á eftirlíkingu af sögualdarbæ. (Nefndarálit á þskj. 555).

Málið var svo afgreitt þannig í heild, að aðalákvarðanir þjóðhátíðarnefndar 1974 skuli þornar undir ríkisstjórnina, áður en framkvæmdir hefjast. (þál. samp. á Alþingi 18. apríl 1967).

Af þessu má sjá, að Alþingi afgreiðir sögualdarbæjarmálið á mjög jákvæðan hátt, þótt það skuli framkvæmt í samráði við ríkisstjórnina. Væntanlega er Alþingi enn sama sinnis.

Hófst þjóðhátíðarnefnd þegar handa og fékk Hörð skólustjóra Ágústsson til þess að gera líkan af slíkum bæ, er byggt væri á rannsóknnum hans á fornum húsakosti.

Fljótlega kom í ljós, að ekki voru menn á einu máli um, hvar bær þessi skyldi rísa, þótt fyrirtækið sjálft væri mörgum geðfellt.

Þjóðhátíðarnefnd var skýrt frá áhuga aðila austan fjalls, að bærinn yrði reistur í Þjórsárdal, á Skeljastöðum við Búrfellsvirkjun í nágrenni Stangar.

Hinn 5. febrúar 1971 var þjóðhátíðarnefnd Árnassýslu skýrt frá málinu og leitað eftir, hvort hún teldi sér fært að gera aðgengilegt tilboð um að reisa bæinn og þá á Skeljastöðum.

Þjóðhátíðarnefnd kannaði nokkuð undirtektir hér heima fyrir og skrifaði þjóðhátíðarnefnd 1974 bréf, þar sem heitið var verulegum stuðningi við stofnun bæjarins og rekstur. Okkur var svarað, að ákvörðun um staðarval yrði ekki tekin að sinni og Alþingi yrði að taka ákvörðun um fjárframlag.

EKKI er hægt að rekja hér allan gang málsins. Forsætisráðherra fær það til athugunar. Er málinu vísað til aðgerða þjóðhátíðarnefndar Árnassýslu 14. mars 1972. Nefndin bregður skjótt við og boðar til fundar með þjóðhátíðarnefnd 1974 og nokkrum aðilum innan héraðs hinn 30. mars 1972. Þar var m. a. ákveðið að láta gera áætlun um kostnað. Var hún gerð af hinum færustu mönnum og mjög nákvæmlega og vandlega. Bauðst þjóðhátíðarnefnd Árnassýslu til þess að sjá um 6 millj. kr. til byggingarinnar og rekstur að verulegu leyti.

Einhverjum mun hafa vaxið í augum kostnaður við þetta mannvirki. En hér var allt tekið með: vegagerð til bæjarins, fullkomin hreinlætisaðstaða og allur frágangur umhverfis.

Þess skal og getið hér, að tilboð mun hafa borist um mjög mikilvægan stuðning við þetta fyrirtæki erlendis frá og tæknilega aðstoð. Er hér átt við Norðmenn, sem rennur hér blóðið til skyldunnar, og eru þeir þaulreyndir í þessum efnun. Varla er þar í landi byggð án fornminja, sem vegleg rækt er lögð við“.

Þjóðhátíðarnefnd Árnassýslu sendi þjóðhátíðarnefnd 1974 svohljóðandi bréf, dags. 21. október 1972:

„Á fundi sínum á Selfossi laugardaginn 21. okt. samþykkti þjóðhátíðarnefnd Árnassýslu að taka að sér byggingu sögualdarbæjar í Þjórsárdal.

Nefndin býðst til að annast alla framkvæmd verksins og ábyrgjast greiðslu allt að 6 millj. af áætluðum kostnaði.

Jafnframt tekur nefndin að sér að annast gæslu og umsjón með þessum mannvirkjum að verulegu leyti eftir nánara samkomulagi.

Væntir þjóðhátíðarnefnd Árnassýslu, að þjóðhátíðarnefnd 1974 taki afstöðu til þessa tilboðs hið fyrsta og afgreiði það til forsætisráðherra.

Virðingarfyllt,
þjóðhátíðarnefnd Árnassýslu

Eiríkur Eiríksson,
Jóhannes Sigmundsson, Hafsteinn Þorvaldsson“.

Stórhug Árneseinga og virðingarverðan áhuga ber að taka með þakklæti. Líklegt er, að frjáls framlög vegna kostnaðar við sögualdarbæinn komi víðar að en frá Árneseingum. Það fjármagn, sem vantar til þess að byggja bæinn, verður að koma frá ríkinu. Það er á valdi Alþingis að ákveða það, og þess vegna er þessi þáttill. flutt.